

## REGLUR

### um breytingu á reglum nr. 605/2006 um starfsskyldur kennara og sérfræðinga við Háskóla Íslands.

1. gr.

Heiti reglnanna skal vera: **Reglur um starfsskyldur akademíks starfsfólks við Háskóla Íslands.**

2. gr.

2. málsl. 1. gr. reglnanna orðast svo: Starfsskyldur akademíks starfsfólks sem eingöngu er ráðið til vísinda- og fræðastarfa skiptist í rannsóknir, stjórnun og önnur störf.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á f-lið 3.1. gr. reglnanna:

- a. Í stað orðanna „sérfræðinga, fræðimanna og vísindamanna“ í 1. málsl. koma orðin: rannsóknalektora, rannsóknadósenta og rannsóknaprófessora.
- b. Í stað orðanna „sérfræðinga, fræðimanna og vísindamanna“ í 2. málsl. kemur orðið: þeirra.

4. gr.

Í stað orðanna „sérfræðinga, fræðimenn og vísindamenn“ í 1. málsl. 4. gr. reglnanna koma orðin: rannsóknalektora, rannsóknadósenta og rannsóknaprófessora.

5. gr.

Reglur þessar, sem samþykktar hafa verið í háskólaráði Háskóla Íslands, eru settar í samræmi við heimild í 1. og 5. mgr. 15. gr. laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla. Reglurnar öðlast gildi 1. júlí 2025.

*Háskóla Íslands, 12. júní 2025.*

**Jón Atli Benediktsson.**

---

*Þórður Kristinsson.*

---

B deild - Útgáfudagur: 27. júní 2025